

**KONUNGLEG AUGLÝSING****51**

23. sept.

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunnngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 16. þ. m. samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, höfðum falið á hendur í fjarveru Vorri, frá 20. þ. m. að kvöldi dags, hans konunglegu tign ríkisarfa Christian **Frederik** Franz Michael Carl Valdemar Georg.

*Gjört á Sorgenfri-höll, 23. septembermánaðar 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**BRÁÐABIRGÐALÖG****52**

26. sept.

um bann gegn útflutningi á síldarmjöli.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Með því að forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að þarsem bændur víðsvegar á landinu hafi vegna óvenjulegra óþurrka, ekki getað aflað nægilegra heyja til búa sinna, sé bráðnauðsynlegt að tryggja, að ekki verði fóðurskortur, en á þessu megi ráða nokkra bót með því að banna útflutning á því síldarmjöli, sem til sé í landinu, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess, að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög um þetta efni.

Því bjóðum Vér og skipum þannig: